

Mánudaginn 11. desember 1939.

Nr. 46/1939. **Sigfús Þorsteinsson f. h. dánarbús
Þorsteins Sigfússonar**

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Jóhönnu Jóhannsdóttur (Enginn).

Tilkall til kaups og fémuna úr dánarbúi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið hinum áfrýjaða skiptaréttarúrskurði til hæstaréttar með stefnu 6. maí þ. á. að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m.

Stefnda hefir hvorki mætt né látið mæta fyrir hæstarétti, og er henni þó löglega stefnt. Hefir málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935, og er það dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og dánarbúið sýknað af kröfum stefndu á hendur því. Svo krefst hann og málskostnaðar af stefndu fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

1. Krafa stefndu um, að henni verði afhent úr dánarbúinu 1 lukt, 1 tryppi og 3 gemlingar, er hún telur sína eign og barna sinna, sætti engum andmælum í héraði, og í sókn áfrýjanda hér fyrir dómi er ekki sérstaklega að þessari kröfu vikið. Verður úrskurðurinn því ekki úr gildi felldur, að því er þessa gripi varðar.

2. Samkvæmt því, er fátækraneftnd Neskaupstaðar færði til bókar 25. apríl 1933 og 27. júní 1934, virðist það hafa verið ætlun hennar, er hún vistaði

stefndu hjá Þorsteini Sigfússyni, að kaup hennar gengi til framfærslu barna hennar, svo langt sem það næði, en Neskaupstaður greiddi Þorsteini í peningum það, sem á skorti fulla meðlagsgreiðslu, eða 1000 krónur á ári. Stefnda samþykkti að fara til Þorsteins, og hefir hún kannast við, að ekki hafi neitt verið samið um kaupgreiðslu til hennar milli þeirra Þorsteins og að hún hafi engum kaupkröfum hreyft fyrir en eftir lát hans, en hann er talinn hafa andast 7. maí 1938. Gegn mótmælum áfrýjanda þykir stefnda að svo vöxnu máli ekki eiga rétt til að fá greidda úr dánarbúinu kaupkröfu þá, er hún hefir í það lýst.

3. Kröfu stefndu á hendur dánarbúinu um leigu fyrir 1 kú og 4 ær, samtals að fjárhæð kr. 190.00, hefir verið mótmælt hér fyrir dómi, en í héraði hefir engum mótmælum gegn henni verið hreyft. En þar eð skiptarétturinn tók til greina hærri gagnkröfu af hálfu búsins á hendur stefndu, þ. e. andvirði 13 kindu, samtals kr. 330.00, og stefnda hefir ekki áfrýjað af sinni hálfu, þá verður búið vegna nefnds skuldajafnaðar ekki dæmt til að inna af hendi þessa leigukröfu stefndu, og kemur hún því ekki frekar til álita.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að felld verður úr gildi það ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar, að „aðrar kröfur Jóhönnu takist til greina við skipti búsins með kr. 960.00.“

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Það ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar, að „aðrar kröfur Jóhönnu (þ. e. stefndu) takist til

greina við skipti búans með kr. 960.00,“ er úr gildi fellt.

Málkostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður skiptaréttar Suður-Múlasýslu 29. október 1938.

Hinn 7. maí s. l. andaðist á Hólum í Norðfjarðarhreppi Þorsteinn Sigfússon, sem þar hafði búið síðustu 5 árin með ráðskonu sinni, Jóhönnu Jóhannsdóttur, og 3 börnum hennar, óskilgetnum. Annað fólk var ekki á heimilinu.

Skömmu eftir andlát Þorsteins, tók sonur hans, Sigfús bóndi Þorsteinsson í Skálateigi, sem taldi sig einkaerfingja Þorsteins, eignir dánarbúsins í sínar vörzlur með samþykki skiptaráðanda og tók jafnframt að sér að greiða allar skuldir, sem á búinu kynnu að hvíla.

Með bréfi, dags. 8. ágúst s. l., gerði bæjarstjóri Neskaupstaðar kröfu til þess f. h. Jóhönnu, ráðskonu Þorsteins, að henni yrðu afhentir ýmsir lausir munir og gripir, er hún ætti í búinu, og með því að Sigfús, erfinginn, vildi ekki verða við þessum kröfum, var bú Þorst. sál. tekið til opinberra skipta og hreppstjóra falið að skrifa upp og virða eignir þess.

Á skiptafundum búans, sem haldnir voru 21. og 22. þ. m., gerði Jóhanna Jóhannsdóttir þær kröfur, er hér greinir:

1. Að henni verði afhentir eftirtaldir lausafjármunir, sem hún telur sig eiga inni í búinu: 1 stunguspaði, 2 hrifur, 1 lukt, 1 kýrbönd, 1 vaxdúkur á borð, 1 járnkarl, 1 kvísl, 1 hryssa tvævetur og ennfremur 3 kindur, sem Þorst. sál. hafi verið búinn að ánafna börnum hennar.

2. Að henni verði greitt ráðskonukaup fyrir þann tíma allan, er hún var hjá Þorsteini, 60 kr. á mánuði í 5 ár og

3. að henni verði greidd leiga, 40 kr. á ári, fyrir 1 kú, er hún kom með, er hún flutti til Þorsteins, svo og leiga fyrir 4 ær, sem hún einnig hafi komið með í búið.

Við athugun á uppskriftargerðinni kemur í ljós, að ekkert af búslóð þeirri, sem Jóhanna gerir kröfu til að eiga inni í búinu, hefir verið skrifað upp, nema 1 lukt. Búið verður ekki skyldað til að láta af hendi þá muni, sem ekki hafa komið fram við uppskrift, en þar sem engin mótmæli

hafa komið fram gegn þessari kröfu að öðru leyti, ber að undanskilja luktina búskiptunum og afhenda Jóhönnu.

Jóhanna hefir lagt fram skriflega yfirlýsingu tveggja votta um, að Þorsteinn sál. hefði lýst yfir því í þeirra viðurvist, að hann hefði gefið syni Jóhönnu, Lárusi, jarpt tryppi nú 2 vetra, sem hjá þeim væri á Hólum, og sömu leiðis hefir hún lagt fram vottorð 2 annarra um, að Þorsteinn hafi sagt þeim, að hann hefði gefið börnum Jóhönnu sitt lambið hverju í fyrra haust og að hann hefði ekki tíundað þessa gripi í vor. Með því að engin mótmæli hafa komið fram gegn þessum vottorðum, ber að leggja þau til grundvallar og telja, að Þorsteinn sál. hafi í lifanda lífi ráðstafað þessum eignum á bindandi hátt fyrir sig og sína erfingja.

Gripi þessa, tryppið og 3 gemlinga, ber því einnig að undanskilja búskiptum og afhenda Jóhönnu.

Kaupkröfu Jóhönnu hefir verið mótmælt af hálfu erfingjans á þeim grundvelli, að Jóhönnu hafi verið ráðstafað með 3 börnum sínum af fátækraneftnd Neskaupstaðar til dvalar hjá Þorsteini frá 2. maí 1933 fyrir ákveðið meðlag, 1000 kr. á ári, og sé ekki kunnugt, að um aðra ráðningarsamninga hafi verið að ræða. Jóhanna heldur því hinsvegar fram, að hún hafi sjálf ráðið sig til Þorsteins, og neitar því, að fátækraneftndin hafi ráðstafað sér þangað, en á hinn bóginn hafi henni verið kunnugt um, að meðlögin af hálfu barnsfeðra sinna hafi átt að ganga til Þorsteins. Hún viðurkennir, að ekki hafi verið samið um neitt kaup, heldur hafi þau búið saman allan tímann sem hjón og ætlað að ganga að eigast, er þau væru búin að koma sér upp sæmilegu húsi. Hún hafi litið á búið sem félagseign þeirra og hafi þau oft um það talað að reyna að koma upp sæmilegu búi, svo þau gætu byggt yfir sig.

Samkvæmt framlögðum óstaðfestum útskriftum úr gerðabók fátækraneftndar Neskaupstaðar, sem ekki hefir verið mótmælt, samþykkti nefndin á fundi sínum 25. apríl 1933 að koma börnum Jóhönnu ásamt henni fyrir á Hólum hjá Þorsteini fyrir 7—800 króna meðlag á ári og á fundi 27. júní 1934, þar sem Þorsteinn var mættur, var samþykkt að hækka meðlagið um 200 krónur upp í 1000 krónur og var þá einnig samið um 1000 króna greiðslu fyrir næsta ár, og er ekki annað vitað en að þessi meðlagsgreiðsla

hafi haldizt úr því. Hinn 3. maí 1933 flutti Jóhanna að Hólum með 3 börn sín, sem þá voru 5, 6 og 8 ára gömul, og dvaldi þar, þangað til fardaga s. l. vor.

Eftir orðalagi fundargerðanna er svo að sjá sem fátækranefndin telji sig vera að ráðstafa Jóhönnu til dvalar á Hólum, en ekkert er um það fram tekið, að hún skuli vinna þar kauplaust, enda hafði fátækranefnd engi heimild til slíkrar ráðstöfunar, þegar af þeirri ástæðu, að tiltölulega litill hluti af meðgjöfinni getur talizt fátækrastyrkur til Jóhönnu, þar sem meðlögin af hálfu barnsfeðra Jóhönnu, sem framfærslusveit hennar bar að leggja út, miðað við meðalmeðgjöf barnsfeðra í Neskaupstað á þessu tímabili, nema frá 675—850 kr. á ári, og hluti Jóhönnu af meðlaginu stendur því ekki í réttu hlutfalli við það kaup, sem ætla má, að hún hefði getað fengið fyrir vinnu sína, og enda þótt viðurkennt sé af Jóhönnu, að um ekkert kaup hafi verið samið, er hún flutti að Hólum, verður ekki gengið fram hjá þeirri staðhæfingu hennar, sem ekki hefir verið mótmælt, að ástæðan fyrir því, að hún ekki krafðist neins kaups fyrir sig, hafi verið sú, að Þorsteinn hafði heitið henni eiginorði, og að hún taldi búið þegar félagseign þeirra beggja. Hinsvegar bar Jóhönnu að framfæra börn sín, að svo miklu leyti sem meðlagið frá Neskaupstað hrökk ekki til, og virðist því hið rétta í þessu máli vera að reikna Jóhönnu hæfilegt kaup fyrir þann tíma, sem hún dvaldi á Hólum, og komi þá til frádráttar kaupinu það, sem ætla má, að skorti á fulla meðgjöf með börnum hennar, og með hliðsjón af því, að Jóhanna virðist samkvæmt framlögðum gögnum hafa staðið fyrir búinu af miklum dugnaði og atorku, þykir kaupið hæfilega ákveðið 35 kr. á mánuði, eða 420 kr. á ári, en framfærslukostnaður barnanna virðist eigi með sanngirni verða metinn hærri en 400 krónur á ári fyrir hvert barn. Styðst þetta við venju hér um slóðir svo og að fyrir liggja í málinu upplýsingar um það, að fátækranefnd fékk tilboð um að taka 1 barn Jóhönnu árlangt fyrir 400 kr. Þessu samkvæmt telst því hæfileg meðgjöf hafa verið 1200 kr. á ári alls, þannig að upp í kaup Jóhönnu ber að reikna 200 kr. árlega sem hennar hluta af framfærslukostnaðinum.

Þá ber enn fremur að taka til greina kröfu Jóhönnu um leigu fyrir pening þann, er hún kom með í búið, þannig

að leigan fyrir kúna ákveðst 30 kr. á ári og 2 kr. á ári fyrir hverja á. Á hinn bóginn ber að reikna bústofnsaukningu Jóhönnu á tímabilinu, 7 ær og 6 gemlinga, sem greiðslu upp í kaup hennar á því verði, sem skattanefnd hefir lagt á slíka gripi í ár, þ. e. 30 kr. hverja á og 20 kr. lvern gemling.

Samkvæmt framansögðu ber því að gera þessi viðskipti Jóhönnu við búið upp þannig:

1. Kaup hennar 420 kr. á ári í 5 ár	kr. 2100.00
2. Leiga fyrir 1 kú, 30 kr. á ári í 5 ár	— 150.00
3. Leiga fyrir 4 ær, 8 kr. á ári í 5 ár	— 40.00

Samtals kr. 2290.00

Frá dregst:

1. Meðlag af hálfu Jóhönnu með börnum hennar 200 kr. á ári í 5 ár	kr. 1000.00
2. Andvirði 7 ásauða á 30 kr. og 6 gemlinga á 20 kr., sem Jóhanna hefir tekið við	— 330.00
	— 1330.00
	Eftir kr. 960.00

sem takist til greina upp í þessar kröfur Jóhönnu við endaleg skipti búins.

Því úrskurðast:

Framangreint lausafé: 1 lukt, 1 tryppi, 2 vetra, jarpt (hryssa), og 3 gemlingar, sem skrifað hefir verið upp með eigum búins, skal undanskilið búskiptunum og afhendast Jóhönnu Jóhannsdóttur. Aðrar kröfur Jóhönnu takast til greina við skipti búins með kr. 960.00.